

Fundargerð 772. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2010, föstudaginn 26. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Dagur B. Eggertsson, Lúðvík Geirsson, Gunnar Einarsson, Elín R. Línadal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson. Smári Geirsson var í símasambandi frá Neskaupsstað.

Hanna Birna Kristjánsdóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tók á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 771. fundar - 1001001SA

Lögð fram fundargerð 771. fundar stjórnar sambandsins frá 29. janúar 2010.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Samskipti ríkis og sveitarfélaga - 0409009SA

Lögð fram fundargerð Jónsmessunefndar frá 29. janúar 2010 sem formaður gerði nánari grein fyrir.

Jafnframt lögð fram drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 með síðari breytingum. Frumvarpið verður lagt fram fljótlega í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlegar heimildir til að afla ársfjórðungslegra fjármálaupplýsinga frá sveitarfélögum annars vegar og hins vegar til að tryggja betra og markvissara aðgengi eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga að upplýsingum úr bókhaldi og reikningskilum sveitarfélaga.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins gerði nánari grein fyrir frumvarpsdrögunum og vinnu við heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga en gert er ráð fyrir að endurskoðun sveitarstjórnarlaga ljúki síðar á árinu.

Framkvæmdastjóri greindi frá sérfræðivinnu við gerð hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga og fjármálareglna fyrir sveitarfélög, sem Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur hefur tekið þátt í með samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Stefnt er að því að verkefninu verði lokið á næstu dögum.

3. Tekjustofnanefnd 2009 - 0905170SA

Lagt fram minnisblað frá fundi fulltrúa sambandsins í tekjustofnanefnd sem haldinn var 5. febrúar, sbr. 5. tölulið fundargerðar 771. fundar stjórnar frá 29.

janúar 2010. Jafnframt var greint frá því að vinna stendur yfir við gerð tillagna um breytt fyrirkomulaga við endurgreiðslu virðisaukaskatts til sveitarfélaga.

4. Vinnufundur um málefni fatlaðra - 0611368SA

Formaður lýsti ánægju sinni með vinnufund um tilfærslu þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga sem haldinn var 24. febrúar 2010. Tóku aðrir stjórnarmenn sem sátu fundinn undir það og töldu fundinn hafa verið mjög gagnlegan. Tveir af þremur fulltrúum sambandsins í verkefnisstjórn um flutning verkefna á sviði velferðarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga, Sigrún Björk Jakobsdóttir og Lúdvík Geirsson, gerðu grein fyrir störfum verkefnisstjórnarinnar og meginverkefnum hennar á næstu vikum og mánuðum, en ná þarf samkomulagi við ríkið um starfsmannamál, húsnæðismál og kostnaðarþátt yfirfærslunnar.

Dagur B. Eggertsson kom til fundar kl. 13:05.

5. Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018 - 1002018SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 12. febrúar 2010, frá fundi formanns og framkvæmdastjóra sambandsins með umhverfisráðherra sem haldinn var 11. febrúar um synjun umhverfisráðherra á staðfestingu á aðalskipulagstillögu fyrir Flóahrepp og tillögu um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fundurinn var haldinn að frumkvæði formanns sambandsins.

Einnig lagt fram bréf Flóahrepps, dags. 5. febrúar 2010, til umhverfisráðuneytisins vegna synjunar umhverfisráðherra á staðfestingu á þeim hluta aðalskipulags Flóahrepps er varðar Urriðafossvirkjun.

Jafnframt lagt fram bréf Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 9. febrúar 2010, til sambandsins vegna synjunar ráðherra á staðfestingu aðalskipulags Flóahrepps og aðalskipulagsbreytingar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Að lokum lagt fram bréf SASS til umhverfisráðuneytisins, dags. 16. febrúar 2010, þar sem gagnrýnd er niðurstaða umhverfisráðherra að synja staðfestingu á aðalskipulagi sveitarfélaga vestan Þjórsár.

Samþykkt var að fresta frekari umræðu um málið þar til fyrir liggur bréf sem umhverfisráðherra sagðist á framangreindum fundi senda til sambandsins með greinargerð um afstöðu ráðuneytisins til málsins.

6. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 51. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 9. febrúar 2010.

Jafnframt lagt fram bréf sambandsins, dags. 22. febrúar 2010, til félags- og tryggingamálaráðuneytisins þar sem greint er frá afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga til fyrirhugaðra breytinga á 75. gr. barnaverndarlaga um kostnaðarskiptingu sveitarfélaga vegna skólagöngu barna í tímabundnu fóstri, sbr. 1. tölulið fundargerðar skólamálanefndar. Einnig lagt fram sérálit fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólamálanefnd sambandsins vegna afstöðu sambandsins til breytingartillögunnar, dags. 19. mars 2010.

Fram kemur í svari sambandsins til félags- og tryggingamálaráðuneytisins að sambandið telur of langt gengið með því að gert sé ráð fyrir að allur almennur skólakostnaður vegna barna sem send eru í tímabundið fóstur lendi á viðtökusveitarfélagi og muni þetta hafa í för með sér verulega íþyngjandi skyldur fyrir þau sveitarfélög sem taka við fósturbörnum. Sambandið álitur að innbyrðis kostnaðarskipting sveitarfélaganna muni breytast og minnstu sveitarfélögin muni einkum bera hallann af þessari breytingu. Í séráliti fulltrúa Reykjavíkurborgar kemur aftur á móti fram að borgin fagni framkominni tillögu um breytingar sem sé góð málamiðlun þar sem viðtökusveitarfélag greiði allan almennan kostnað af skólagöngu barna í tímabundnu fóstur en lögheimilissveitarfélag allan umframkostnað t.d. vegna sérfræðiþjónustu og annarra sérþarfa.

7. Fundargerð félagsþjónustunefndar - 0911050SA

Lögð fram fundargerð 1. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 22. febrúar 2010 ásamt minnispunktum sem að teknir voru saman á fundinum um stöðu og framvindu yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Formaður vakti sérstaka athygli á þeim tímamótum sem fyrsti fundur félagsþjónustunefndarinnar markar í starfsemi sambandsins en með skipan nefndarinnar og væntanlegri ráðningu starfsmanns á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga er verið að efla þjónustu og hagsmunagæslu sambandsins í velferðarmálum.

Lúðvík Geirsson vék af fundi kl. 13:35.

8. Fundargerð Launanevndar sveitarfélaga - 0409021SA

Lögð fram fundargerð 239. fundar Launanevndar sveitarfélaga frá 22. febrúar 2010.

Sviðsstjóri kjarasviðs gerði grein fyrir þeim þætti við flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem snýr að starfsmannamálum og þá kröfu SFR – stéttarfélags í almannþjónustu að þeir starfsmenn ríkisins sem flytjast yfir til sveitarfélaganna við yfirfærsluna verði áfram félagsmenn í SFR. Launanevnd sveitarfélaga hefur eindregið lagt gegn því að viðsejendum nefndarinnar verði fjölgað og telur að viðkomandi stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga eigi að fara með samningsumboð fyrir þessa starfsmenn.

9. Endurskoðun laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla - 0808559SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 19. febrúar 2010, um meginatriði viðræðna um stuðning við tónlistarfræðslu. Haldnir hafa verið þrjú fundir í viðræðunefndinni. Meginvandi í núverandi skipan tónlistarfræðslunnar snýst um skort á jafnræði og hafa fulltrúar sambandsins lagt áherslu á að ríkið taki á sig þá skyldu að greiða fyrir tónlistarkennslu allra nemenda 16 ára og eldri, þ.e. kostnað við kennslu og stjórnun sem sveitarfélögin bera ábyrgð á skv. gildandi lögum. Engar formlegar tillögur hafa verið lagðar fram af hálfu fulltrúa ríkisins.

10. Samskipti Flóahrepps og jöfnunarsjóðs vegna viðbyggingar Flóaskóla - 0910020SA

Lagt fram bréf sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 9. nóvember

2009, vegna samskipta Flóahrepps og jöfnunarsjóðs vegna viðbyggingar Flóaskóla og svar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og fjármagn til verkefna.

Einnig lagt fram bréf jöfnunarsjóðs, dags. 26. janúar 2010 til Flóahrepps þar sem rakin eru samskipti vegna viðbyggingar Flóaskóla.

Lagt fram svar jöfnunarsjóðs til sambandsins, dags. 27. janúar 2010, við bréfi sambandsins frá 9. nóvember 2009, en þar kemur fram að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur tekið ákvörðun um úthlutun framlags til l. áfanga viðbyggingar Flóaskóla.

11. Tilnefning í ráðgjafanefnd um æskulýðsrannsóknir - 1002030SA

Lagt fram bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 15. febrúar 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa sambandsins í nefnd um æskulýðsrannsóknir samkvæmt 12. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Soffíu Pálsdóttur, skrifstofustjóra tómsundamála hjá Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkurborgar, eða Hauk Geirmundsson, framkvæmdastjóra íþrótt-, tómsunda- og æskulýðssviðs Seltjarnarneskaupstaðar, í nefndina. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalmann verði varamaður hins. Ekki verður greidd þóknun fyrir störf í nefndinni en tilnefningin er gerð með þeim fyrirvara að greiddur verði tilfallandi ferðakostnaður fulltrúa sambandsins í nefndinni.

Smári Geirsson sleit símasambandi kl. 14:00.

12. Ársreikningur sambandsins 2009 - 0912030SA

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs lagði fram ársreikning sambandsins fyrir árið 2009 sem hefur verið endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðendum og kjörnum skoðunarmönnum sambandsins sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur.

Stjórnin samþykkti ársreikning sambandsins fyrir árið 2009 og staðfestu stjórnarmenn hann með undirritun sinni.

13. Ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga 2009 - 0911024SA

Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs lagði fram ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2009 ásamt tillögu um breytingar á 1. og 6. gr. samþykktu fyrir Bakhjarl sambandsins, þar sem löggiltur endurskoðandi telur nauðsynlegt að Bakhjarl hafi sérstaka kennitölu og ákvæði vantaði í samþykktirnar um endurskoðanda og skoðunarmenn ársreikninga Bakhjarls. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda Sambands íslenskra sveitarfélaga og kjörnum skoðunarmönnum sambandsins.

Stjórnin samþykkti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2009 og staðfestu stjórnarmenn reikninginn með undirritun sinni.

Samþykkt var að vísa tillögu um breytingar á samþykktum fyrir Bakhjarl sambandsins til síðari umræðu á næsta fundi stjórnarinnar.

14. Utanvegaakstur vélhjóla - vinnuhópur - 0609292SA

Lagt fram til kynningar bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 28. janúar 2010, til ríkislögreglustjóra vegna átaks til að sporna við utanvegaakstri á landinu.

15. Tilnefning í framkvæmdanefnd í málefnum heyrnalausra og heyrnaskertra - 1001032SA

Lagt fram til kynningar bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 27. janúar 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa sambandsins og annars til vara í framkvæmdanefnd í málefnum heyrnalausra og heyrnaskertra ásamt svarbréfi sambandsins, dags. 10. febrúar 2010, þar sem tilnefnd voru þau Oddný Eyjólfsdóttir, deildarstjóri skóladeildar Garðabæjar, og Tómas Jónsson, sérfræðipjónustufulltrúi Kópavogsbæjar. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki sem aðalman verður varamaður hins.

16. Aðalfundur SSS 2009 - 0909010SA

Lagðar fram til kynningar ályktanir 32. aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var 17. október 2009.

17. Ráðstefnan „Vinum saman“ 2010 - 1001027SA

Lögð fram til kynningar dagskrá ráðstefnu fyrir stjórnendur sveitarfélaga um leiðir til að fyrirbyggja og bregðast við veikindum starfsmanna.

18. Menntaþing 5. mars 2010 - 1002031SA

Lögð fram til kynningar dagskrá menntaþings mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem haldið verður þann 5. mars 2010 með yfirskriftinni „Heildstæð menntun á umbrotatímum“.

19. Endurskoðun tekjustofnalaga – 0905170SA

Að frumkvæði fulltrúa sambandsins í nefnd sem vinnur að endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga komu á fundinn kl. 14:10 Haukur Ingibergsson, forstjóri Fasteignaskrár Íslands, Margrét Hauksdóttir aðstoðarforstjóri, Örn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Mats- og hagsviðs, og Þorsteinn Arnalds, aðstoðarframkvæmdastjóri Mats- og hagsviðs.

Ræddu þau fyrirkomulag fasteignamats, kosti þess og galla, og svöruðu fyrirspurnum stjórnarmanna um framkvæmd fasteignamats og starfsemi Fasteignaskrár Íslands með tilliti til þess að fasteignaskattur er mikilvægur tekjustofn sveitarfélaga.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 26. mars.

Fundi var slitið kl. 14:55.

Þorleifur Gunnlaugsson

Dagur B. Eggertsson

Lúðvík Geirsson

Gunnar Einarsson

Elín R. Líndal

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Smári Geirsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Þorvaldur Guðmundsson

framkvæmdastjóri

ritari